

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. september 2016

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, 674. mál.

Náttúruminjasafn Íslands þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, 674. mál.

Náttúruminjasafnið fagnar lagafrumvarpinu almennt en ætla má að starfsemi Umhverfisstofnunar verði markvissari og skilvirkari verði frumvarpið að lögum enda miðar það að samþættingu margvíslegra ákvæða úr nokkrum lagabálkum sem Umhverfisstofnun starfar eftir. Að ósekju hefði þó mátt léttu þeirri byrði af Umhverfisstofnun að annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða og eftirláta slíkt fremur sveitarfélögunum sem jafnan hafa nánari tengingu við viðkomandi svæði.

Af hálfu Náttúruminjasafnsins eru ekki gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins nema hvað varðar 2. mgr., 4. gr. sem er í II. kafla frumvarpsins og fjallar um ýmis verkefni:

„Umhverfisstofnun annast fræðslu, söfnun og miðlun upplýsinga um umhverfismál og ástand umhverfisins í samræmi við ákvæði annarra laga.“

Hér er tekið á fræðslu- og miðlunarhlutverki einnar ríkisstofnunar, Umhverfisstofnunar, en það hlutverk er einmitt þungamiðjan í starfsemi annarrar ríkisstofnunar, Náttúruminjasafns Íslands, og brýnt að löggjöfin taki af öll tvímæli um starfssvið og eðli verkefna sem unnið er með til að forðast tvíverknað, óskilvirkni og óhagræði.

Tilfnið er gefið og vísað til þess að í ágúst síðastliðnum var opnuð sýning á Brjánslæk um náttúruvættið Surtarbrandsgil sem Umhverfisstofnun vann að í samstarfi við ábúendur á Brjánslæk. Á sýningunni gefur að líta steingervinga og surtarbrand, sem eru friðlýstar náttúruminjar, og fjallað um jarðfræði, umhverfismál og mikilvægi náttúruverndar.

Engum blöðum er um það að fletta að framangreint sýningaverkefni er dæmigert viðfangsefni fyrir Náttúruminjasafn Íslands, sem lögum samkvæmt skal taka þátt í og eða að hafa umsjón með gerð náttúruminjasýninga frá grunni, þ.m.t. vinnu við efnistösk og innihald, hönnun, smíðar og uppsetningu. Þá er vert að hafa í huga að Náttúruminjasafnið býr yfir safnkosti og hefur til umráða gripi og gögn sem aðrir hafa ekki og kunna að nýtast í sýningahaldi af þessu tagi.

Lagaákvæði sem lúta að markmiðum, hlutverkum og verkefnum er tengjast fræðslu og miðlun á náttúrufræðilegu efni með sýningahaldi eru mjög skýr í Náttúruminjasafnslögum en ekki fyrir hendi í lagafrumvarpinu um Umhverfisstofnun (ekki heldur í núgildandi lögum nr. 90/2002). Um þessi atriði segir í Náttúruminjasafnslögum nr. 35/2007 (fæitletrun Náttúruminjasafnsins):

**„I. kafli. Markmið og hlutverk.**

■ **1. gr.** Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Safnið er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Kostnaður af rekstri Náttúruminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

■ **2. gr.** Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.

Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.“

Samsvarandi ákvæði um hlutverk og markmið Umhverfisstofnunar er að finna í lagafrumvarpinu:

„I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Hlutverk.*

Umhverfisstofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Umhverfisstofnun fer með stjórnýslu og annast framkvæmd umhverfis- og náttúruverndarmála og verkefni samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir, samkvæmt nánari fyrirætlum þeirra laga.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að hreinu og heilnæmu umhverfi og vernd og fjölbreytileika náttúru með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.“

Þá er eins áður segir eftirfarandi ákvæði í 2.mgr. 4. gr. lagafrumvarpsins (feititletrun NMSÍ):


„Umhverfisstofnun annast fræðslu, söfnun og miðlun upplýsinga um umhverfismál og ástand umhverfisins í samræmi við ákvæði annarra laga.“

Hvað varðar starfsemi Náttúruminjasafnsins, sem er eitt þriggja höfuðsafna landsins, skal jafnframt bent á að hún fellur einnig undir Safnalög nr. 140/2011. Þar er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Sem höfuðsafn skal Náttúruminjasafnið ennfremur hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila (sbr. 8.gr., 140/2011).

Í framansögðu ljósi er því beint til löggjafans að skýra betur en gert er það ákvæði í lagafrumvarpinu, 2.mgr. 4. gr., sem fjallar um miðlun og upplýsingagjöf á vegum Umhverfisstofnunar, þannig að ekki leiði til óskilvirkni og óhagræðis í starfsemi meðal ríkisstofnana.

Undirritaður mætir fúslega á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða þessi mál sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður